

Ávarp Jóns Atla Benediktssonar rektors Háskóla Íslands 8. mars 2019

Gimli stofa 102

#Wiki4women

Góðir gestir, ég vil byrja á að óska ykkur og okkur öllum innilega til hamingju með daginn.

Frá því árið 1911 hefur Alþjóðlegur baráttudagur kvenna verið haldinn hátíðlegur víða um heim 8. mars. Það vill raunar svo skemmtilega til að Háskóli Íslands var stofnaður einmitt það sama ár. Háskólinn leggur mikla áherslu á jafnréttismál í sínu starfi og er jafnrétti eitt af þremur grunngildum sem skilgreind eru í stefnu skólans. Það er okkur því mikið gleðiefni að taka þátt í að halda upp á þennan mikilvæga dag, sem Háskóli Íslands gerir ásamt Háskólanum á Akureyri, Háskólanum í Reykjavík og Listaháskóla Íslands, og í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið og UNESCO nefndina á Íslandi.

Þrátt fyrir góðan árangur í jafnréttismálum á Íslandi hafa margvísleg afrek kvenna ekki fengið sama vægi og afrek karla á opinberum vettvangi. Þetta má til að mynda sjá í umfjöllun um konur á Wikipedia, sem er ein mest sóttá vefsíða heims. Samkvæmt nýrri talningu UNESCO má finna þar rúmlega 12 þúsund greinar um Íslendinga. Af þeim eru þó aðeins tæplega 19% um íslenskar konur.

Háskólar eru undirstaða þekkingarsamfélaga 21. aldarinnar. Háskóli Íslands leggur áherslu á að þekkingarsköpun við skólann hafi sem víðtækust áhrif. Því er vel við hæfi að skólinn bregðist við hvatningu UNESCO og Wikimedia Foundation um að leggja sitt af mörkum til að bæta kynningu og umfjöllun um konur og verk þeirra á upplýsingasíðum Wikipedia.

Mér hefur verið falið það hlutverk að gera fyrstu færsluna hér í dag. Ég mun því gera færslu um Margréti Guðmundu Guðnadóttir sem árið 1969 var skipuð prófessor við læknadeild Háskóla Íslands. Margrét varð þar með fyrst kvenna til að gegna embætti prófessors við háskólann og var einhver merkasti vísindamaður sem við höfum átt.

Ég vil að lokum þakka ykkur kærlega fyrir að gefa ykkur tíma til að stoppa í kynjagötin á Wikipedia og ég óska ykkur góðs gengis í dag.